

STJÓRNARTÍÐINDI B 1 — 1974

15. janúar 1974.

1

Nr. 1.

GJALDSKRÁ

yfir ríkissjóðsgjöld af einkasöluvörum.

Áhafnir og farþegar, sem hafa við komu til landsins meðferðis meira magn af einkasöluvörum en heimilt er að hafa án greiðslu gjalda, skulu greiða af því sem umfram er samkvæmt ákvæðum í reglugerðum nr. 272/1969 og 117/1972, ríkissjóðsgjöld sem hér segir á eftir, enda hafi viðkomandi vörum verið framvísað við tollgæslu áður en tollskoðun hófst í farangri viðkomandi:

A. Áfengi:	0.375 l	0.75 l
1. Rauðvín, hvítvín, heit vín vermouth og aperítívar . .	kr. 150.00	kr. 250.00
2. Koníak, brandy, whisky, brennivín, vodka, gin, genever, rom, líkjörar svo og aðrar sterkar tegundir	— 500.00	— 940.00

B. Reyktóbak:

Kr. 446.00 pr. dús. eða lbs.

C. Vindlingar:

Kr. 578.00 pr. karton.

D. Vindlar:

Smávindlar	kr. 65.00 pr. 10 stk.
Meðalstærð	— 240.00 — 25 —
Vindlar aðrir	— 370.00 — 25 —

Sé um að ræða aðrar pakkningar en að ofan greinir, skal greitt hlutfallslega.

Gjaldskrá þessi tekur gildi 16. janúar 1974. Með gildistöku gjaldskrár þessarar, er felld úr gildi gjaldskrá nr. 2/1973 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 15. janúar 1974.

F. h. r.

Þorsteinn Ólafsson.

Björn Hafsteinsson.